

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð.* — **127**
 Samkvæmt tillögum ráðgjafans, eptir að hann hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra **29. júlí**
 landshöfðingi, frá 26. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum allramildlegast þóknast í dag
 að fallast á, að hálfenda sú af jörðinni Bálkastöðum í Miðfirði Húnavatnssýslu í norður- og
 austurumdæmi Íslands, er liggur undir Staðarprestakall í Hrútafirði, verði seld Jóhannesi
 bónda Zakaríassyni að jarðakaupum fyrir $\frac{2}{3}$ úr jörðinni Brandagili í Staðarhreppi, þannig
 að hin fyrnefnda jörð verði skoðuð sem bændaeign en hin síðarnefnda sem kirkjujörð.
 Þetta er hjer með tjáð yður herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar
 og birtingar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **128**
niðurjöfnun fjallskila. — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmáður, um **29. júlí.**
 fyrirspurn sýslumannsins í Húnavatnssýslu, hvort sýslunefndin sje bær um að fella úr
 gildi eða breyta ákvörðun hreppsnefndar um það, hversu mikil eða hvernig löguð fjallskil
 einhverjum beri að gjöra, þegar slíkt sje kært fyrir sýslunefndinni, vil jeg tjá yður til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum það, er nú segir.

Um það, hvernig fjallskilum skuli niðurjafnað á hina einstöku bændur, er engin
 ákvörðun í sveitastjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872, og virðist löggjafinn hafa gengið
 út frá því, að ítarlegar reglur þar um yrðu settar fyrir hvert hjerað í reglugjörðum þeim
 um fjallskil o. fl., er semja skal samkvæmt 39. gr. tjeðrar tilskipunar. Hafi það nú ekki
 verið gjört, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að sýslunefndin samkvæmt þessari grein, og
 með því að henni ber almenn umsjón með gjörðum hreppsnefndarinnar (sjá 38. gr. tilsk.
 4. maí 1872) taki til úrskurðar umkvartanir út af fjallskilum, og verður þá meðfram að
 hafa tillit til þess, sem fyrirskipað er í 19. gr. tilsk. 4. maí 1872 eða nú í 1. gr. laga
 9. jan. 1880 um hina almennu niðurjöfnun sveitargjalda. Umkvörtun út af fjallskilum
 verður því fyrst að úrskurðast af hreppsnefndinni í heild sinni og síðan af sýslunefndinni;
 en enginn getur með því að áfrýja úrskurði hreppsnefndarinnar komizt hjá að framkvæma
 í bráð skylduverk það, sem á hann er lagt.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til Markúsar skipstjóra Bjarnasonar um náms-* **129**
styrk. — Markúsi var veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 15. grein **21. ágúst.**
 fjárlaganna, til að taka stýrimannsþróf við sjófræðisskóla í Danmörku.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **130**
um námsstyrk. — Samkvæmt tillögum amtmanns var Eggerti Finnssyni frá Meðal- **24. ágúst.**
 fellu í Kjós veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna
 til að nema búfræði á skóla í Noregi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun setts embættis-* **131**
manns. — Í þóknanlegu brjefi frá 24. júní síðast liðnum hafið þjer, herra landshöfð- **26. ágústi.**
 ingi, skýrt frá því, að yfirskoðunarmennirnir hafi fundið það að landsreikningnum 1878,
 að fyrverandi sýslumanni í Árnessýslu Þ. Jónssyni, er lausn fjökk frá embætti sínu 6.

LEIÐRJETTING. Bls. 72 l. 32. að ofan: „almennum mannfundi“ les almennum mannfundi
 undir berum himni.

Hinn 14. október 1880.

131 ágúst s. á. hafi verið reiknuð fyrir mánuðina september til nóvember 1878, er hann hafði þetta embætti á hendi, án þess að hann væri reglulega settur til að gegna því, upphæð sú, sem honum áður hafði borið, meðan hann var embættismaður, sem launaviðbót fyrir sjálfan hann, alls 227 kr. 50 a. Í annan stað hefir komið fram vafi um, hvornig eigi að skipta launum þeim, sem ætluð eru sýslumannsembættinu í Árnessýslu, fyrir tímabilið frá 1. desember 1878 til 24. júní milli nefnds Þorsteins Jónssonar, sem á tjeðu tímabili hefir verið settur til að gegna embætti þessu, og hins nýja sýslumanns Stefáns Bjarnarsonar, sem skipaður var 6. nóvember 1878, en til loka maímánaðar f. á. hjelt áfram að gegna hinu fyrra embætti sínu, sem bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað og sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, og sem því fyrst 24. júní f. á. gat tekið við sýslumannsembættinu í Árnessýslu. En þjer hafið út af athugasemd yfirskoðunarmannanna tekið fram, að þjer hafið við útreikning á launum fyrverandi sýslumanns Þ. Jónssonar fyrir mánuðina september til nóvember 1878 álitid, að konungsúrskurður sá, er veitti tjeðum embættismanni lausn frá embætti sínu, mætti álitast að hafa í sér fólgið leyfi fyrir hann, til þess að fá sig undanþeginn að gegna embættinu, og heimild fyrir yður, ef yður þætti nauðsyn til bera að setja annan til að taka við embættinu, og þess vegna hafið þjer ætlað, að launabót fyrir sjálfan hann bæri með rjettu Þ. Jónssyni, meðan enginn nýr sýslumaður væri skipaður, og hafið þjer því óskað úrskurðar ráðgjafans í þessu tilliti.

Út af þessu skal tekið fram, að skipun embættismanns í embætti eða lausn hans frá embætti, ef ekkert annað er með berum orðum ákveðið, hlýtur að reiknast frá því að þar að lútandi konungsúrskurður er út gefinn, og því hefði átt að setja mann í sýslumannsembættið í Árnessýslu, undir eins og þjer, herra landshöfðingi, höfðuð fengið tilkynning um lausn fyrveranda sýslumanns Þ. Jónssonar, og læt jeg ekki dragast hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknunlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða það, er nú skal greina.

Það leiðir af því, er nú var sagt, að ekki hefði mátt verja meiru í þóknunarskyni fyrir að gegna sýslumannsembættinu í Árnessýslu mánuðina september til nóvember 1878, en laun þau eru, sem ákveðin eru embætti þessu með lögum frá 14. desember 1877, en úr því að maður sá, er gengdi sýslumannsembættinu, átti heimting á eptirlaunum úr landssjóði, verður að fara eptir ákvörðun þeirri, sem sett er í síðasta lið 4. gr. laga frá 14. október 1875, um að settur embættismaður, sem eptirlaun hefir, skuli missa jafmikils í, og þeim nemur. Það hefir því skort heimild til að reikna sýslumanninum, sem gegndi embættinu, launaviðbót, og ber honum að endurborga landssjóði 227 kr. 50 a., er honum hafa verið of borgaðir.

Með því að stjórnin hefir haft umráð yfir sýslumannslaununum í Árnessýslu um mánuðina desember 1878 til aprils 1879, þar sem Stefán sýslumaður Bjarnarson hefir notið launa þeirra, sem lögð eru sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu, og þannig hefir orðið að fara á mis við laun þau, er fylgja hans eigin embætti, ber að reikna þóknun þá, sem Þ. Jónssyni ber fyrir að gegna embættinu sem settur sýslumaður á þessu tímabili, á sama hátt, svo að honum eru um þenna tíma rjettilega greiddar 291 kr. 66 a. á mánuði.

Að því er að lyktum snertir tímabilið frá 1. maí til 24. júní f. á., verður að vísu ekki reiknuð Þ. Jónssyni þóknun fyrir að gegna sýslumannsembættinu í Árnessýslu beinlínis samkvæmt 4. gr. laga 15. október 1875, því þessi ákvörðun gengur út frá, að stjórnin hafi umráð yfir launum þess embættis, sem maður er settur til að þjóna; en þetta átti sjer ekki lengur stað, því Stefán sýslumaður Bjarnarson, sem var skipaður í embættið frá 1. maí, hefir sjálfur notið launanna. En með því að það er ljóst af brjefi

landshöfðingjans, að þjer hafid sett Þ. Jónsson til þess á eigin ábyrgð að gegna Árnessýslu, þangað til Stefán Bjarnarson tæki við henni, og að honum var heitið öllum launum þeim, er embættinu fylgja, til endurgjalds fyrir það, að eptirlaununum fráðregnum, þá ber að reikna borgunina á sama hátt fyrir hið umrædda tímabil, eins og fyrir hinn hluta tíma þess, er hann var settur, og samkvæmt því mun Þorsteini Jónssyni, sem frá 1. maí f. á. hefir notið eptirlauna sinna, bera mismunurinn, sem er á eptirlaununum og embættislaununum, en hann er á tímabilinu frá 1. maí til 24. júní f. á. að upphæð 110 kr. 8 a. og ber Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni að greiða þá upphæð, þó þannig, að hann fyrir þessa upphæð, með því hann gegndi embættinu í Ísafjarðarsýslu í maímánuði, á aðgang til endurgjalds að Fensmark sýslumanni, sem var veitt þetta embætti 16. apríl f. á., svo framarlega sem hann ekki þegar hefir fengið það endurgoldið hjá nefndum embættismanni, eða þeir hafi öðruvísi um samið sín á milli.

131
26. ágúst.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laxveiðina í Elliða-*
ám. — Í brjefi til ráðgjafans 28. f. m., sem yður, herra landshöfðingi, hefir verið sent eptirrit eptir, hefir H. Th. Thomsen kaupmaður í Reykjavík skýrt frá því, að nóttina milli 5. og 6. f. m. hafi enn að nýju verið farið með ofbeldi að laxakistum hans í Elliðaánum, og í þetta sinn með þeim atvikum, sem gefi honum ástæðu til að ætla, að hjer búi og þjófnður undir, og í annan stað hefir hann borið sig upp undan því, að hlutaðeigandi valdsmaður hvorki hafi verið fær um að komast eptir, hverjir þeir menn hafi verið, sem nóttina milli 24. og 25. júní f. á. hafi grimuklæddir skemmt tjæða eign hans, nje að koma því upp, hverjir hafi unnið hervirki þau, er hjer ræðir um.

132
26. ágúst.

Út af þessu lætur ráðgjafinn ekki dragast að taka fram, að eins og það, þegar á allt er lítið, er skylda yfirvaldsins að liðsinna landsbúum, til þess að varðveita eignir þeirra fyrir ómildum árásum, þannig er það nauðsynlegt, hvað þetta athæfi snertir, að hjer sje gripið til skjótra og góðra ráða, þar sem um svo opt ítrekaðar ofbeldis árásir á eign Thomsens kaupmanns er að ræða, svo að sökudólgurinn verði dreginn fyrir dóm og lög og að komið verði í veg fyrir viðlíkar árásir eptirleiðis. Ráðgjafinn vill því þjónustusamega veita yður herra landshöfðingi vald til, svo framarlega sem þjer eptir þeim ástæðum, sem nú eru fyrir hendi, kynnuð að finna það hagkvæmt, að gefa með skírskotun til brjefs þessa, einhverjum manni, sem þar til væri vel fallinn, konungsumboð, að mandatum, til með rjettarhöldum bæði í lögsagnarumdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu og fyrir utan það, og með sama valdi og reglulegir rannsóknardómendur hafa, að takast á hendur rannsókn og útvega nauðsynlegar skýringar með tilliti til þeirra ofbeldisárása, sem síðan að viðaukalög við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapitula komu út, hafa verið gjörðar á veiðivjalar þær, er Thomsen kaupmaður á og notar til laxveiða í Elliðaánum, að svo miklu leyti, sem ekki hefir gengið fullnaðardómur í hjeraði um þessar árásir. Þegar rannsóknunum þessum er lokið, býst ráðgjafinn við að fá eptirrit eptir því, sem farið hefir fram í málinu.

Í tilefni af bænarskrá þeirri frá 4 hreppsnefndarmönnum í Seltjarnarneshrepp, sem hingað var send með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 29. f. m. og þar sem þess er beiðzt, að ráðgjafinn vilji skipa yfirvöldunum að hætta við rjettarhöld út af brotum þeim á laxakistunum í Elliðaánum, sem framin voru 28. júlí f. á., vil jeg í sambandi við þetta mál, sem hjer ræðir um, þjónustusamega tjá yður til þóknanlegrar